

Umsögn Fjárfláðis ehf. vegna**Frumvarps um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019**

Fjárfláði starfar á íslenskum færsluhirðingar markaði auk þess að veita kortatengda ráðgjöf til færsluhirða (e.acquirers) og kortaútgefenda (e.issuers) á Íslandi sem og í nágrennalöndunum. Eigendur og stofnendur Fjárfláðis eru Bergsveinn Sampsted og Viktor Ólason, báðir með yfir 20 ára reynslu af innlendri greiðslumiðlun og einnig samskiptum við Visa, MasterCard og American Express. Báðir aðilar stóðu meðal annars vaktina þegar fjármálahrunið skall á og tóku virkan þátt sem stjórnendur hjá Valitor og Kreditkorti á þeim tíma við að halda greiðslumiðlunarkerfum gangandi við fall íslensku bankanna.

Fjárfláði vill með umsögn þessari koma á framfæri atriðum er varða fyrirhugaðar breytingar á Lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019. Fjárfláði mun ekki efnislega koma með tillögur að breyttum texta í frumvarpi heldur varpa ljósi á atriði sem við teljum mikilvægt að komi fram áður en ákvörðun um breytingar verður tekin á Alþingi.

Núverandi kostnaður vegna greiðslumiðlunar á Íslandi

Í febrúar 2024 gaf Seðlabankinn út ritið „Kostnaður við smágreiðslumiðlun“ þar kom meðal annars fram að beinn kostnaður vegna innlendrar færsluhirðingar (e.acquiring) árið 2022 hefði verið 14.4 milljarðar króna. Sé sá kostnaður brotinn upp lítur myndin þannig út skv. gildandi verðskrá Visa og MasterCard:

Til íslenskra banka	2.553.625.153	17.7%
Visa og MasterCard Skema gjöld	1.319.187.306	9.3%
Álag innlendra færsluhirða	10.283.075.691	73.0%
Samtals	14.400.000.000	100.0%

Af ofangreindum tölum má sjá að sá kostnaður sem fellur til og greiddur er úr landi til Visa og MasterCard er 9.3% af beinum kostnaði. Heildar velta sem fór í gegnum Visa og MasterCard á árinu 2022 var 1.270.451.000.000 kr. skv. tölum Seðlabankans, greitt var til Visa og MasterCard 1.319.187.306 kr. sem er um 0.10% af heildar veltu. Það er áriðandi að mati Fjárfláðis að þessi tala sé höfð til hliðsjónar við ákvörðun á því hvort núverandi kerfi sé dýrt eða ódýrt í rekstri og eins hvort hægt sé að ná fram hagræði með nýrri greiðsluleið.

Ný innlend greiðslulausn


Það fyrirkomulag sem verið hefur til staðar á Íslandi frá upphafi greiðslukorta er svokallað „4 party módel“. Þar þarf ávallt fjóra aðila til þess að greiðsla sé framkvæmd í kerfum Visa og MasterCard.

Þessir aðilar eru

- Korthafi (fær kortið hjá sínum útgáfu banka)
- Banki (sá sem gefur út kortið og undirgengst greiðsluábyrgð)
- Færsluhirðir (sá sem skaffar kaupmanni færsluhirðingarþjónustu og veitir greiðsluábyrgð)
- Kaupmaður (gerir samning við færsluhirðir)



Það kerfi sem nú er verið að boða af hálfu Seðlabankans byggir á „3 party módel“ þar sem hlutverk færsluhirðis og kortaútgefanda er það sama. Fjárflæði telur að fyrirætlanir Seðlabankans séu til þess fallnar að innlendar bankastofnanir munu sitja einar að nýrri greiðslulausn og að aðilum sem eru í Fjártækni t.d. Fjárflæði sé nánast útilokað að stunda viðskipti á innlendum greiðslumiðlunar markaði þar sem það er algerlega undir bönkunum komið að bjóða sínum viðskiptavinum sem eru bæði einstaklingar og fyrirtæki þátttöku í nýju greiðslumiðlunarkerfi. Bankarnir búa yfir öllum gögnum um báða aðila og eru í yfirburðastöðu að innleiða nýjan greiðslumáta. Hér að neðan er mynd af viðskiptamódeli American Express sem er hliðstætt því sem verið er að boða hér á landi með nýju fyrirkomulagi Seðlabanka Íslands.



Tæknin

Ljóst er að tækninni hefur fleygt fram og fjölmörg lönd hafa innleitt Reikning í Reikning (RÍR) greiðsluleiðir erlendis. Í samantekt má ekki betur sjá en að Seðlabankinn hyggist beita sér fyrir því að kerfið verði smíðað frá grunni hér á landi. Fjárflæði hefur nú um 2 ára skeið stuðst við færsluhirðingar kerfi sem eru í eigu Nets með góðum árangri. Þar er verið að nýta innviði sem eru til staðar og byggja á þaulreyndu umhverfi í milljóna samfélagi. Fjárflæði vill koma þeirri ábendingu á framfæri að fjölmörg RÍR kerfi eru til á stærri mörkuðum sem hægt er að byggja á og nýta sem innviði hér á landi. Ekki þarf að smíða slíkar lausnir frá grunni og þær gætu alfarið verið hýstar og reknar á Íslandi og þannig væri hægt að halda rekstrarkostnaði niðri auk þess sem áhætta vegna fjarskipta við útlönd á ekki við.

Fjárflæði hefur verið 5 ár að innleiða nýtt færsluhirðingar kerfi hér á landi og vill koma þeirri ábendingu á framfæri að ekki megi vanmeta það flókna og margvíslega umhverfi sem kaupmenn búa við í sínum rekstri. Það eru yfir 50 kassa kerfi sem eru tengdar við POSA þegar greiðslur eru inntar af hendi hjá kaupmönnum. Þessi kerfi eru til viðbótar tengd inn í bókhaldskerfi fyrirtækja. Fjárflæði hefur verið að vinna í því að tengjast þessum kerfum og hefur þeirri vinnu miðað afar hægt þar sem mörg af þeim bókhalds- og kassa kerfum eru mjög komin til ára sinna og nánast ógerningur að tengja þau nýrri tækni. Innleiðing á nýrri



greiðsluleið gæti því orðið afar kostnaðarsöm og tímafrek fyrir minni kaupmenn sem kjósa að taka þátt í nýrri leið. Óljóst er í gögnum frá Seðlabankanum hvort kaupmönnum verði gert skylt að taka þátt í nýrri greiðsluleið og eins er óljóst hver ber kostnað af þeirri innleiðingu sem án efa verður umtalsverður.

Ábyrgð

Núverandi greiðslumiðlun byggir á Visa og MasterCard regluverkinu, þar eru kaupmenn og korthafar tryggðir í sínum viðskiptum. Korthafinn notar t.d. PIN númer og kaupmaður er t.d. með POSA sem þekkja og sannreyna PIN. Ef eitthvað fer úrskeiðis þá gilda reglur Visa og MasterCard í ágreiningi á milli korthafa og kaupmanna. Álíka reglur þurfa að vera til staðar í nýrri greiðslulausn og þar þarf einhver að taka að sér það hlutverk að vera dómari ef upp kemur ágreiningur. Ef þeirri ábyrgð er varpað yfir á korthafann og kaupmanninn að ná saman þá er það mikil afturför frá núverandi kerfi. Eins og dæmi eru um t.d. gjaldþrot flugfélaga hafa þeir sem greitt hafa með greiðslukortum fengið endurgreitt en ekki hinir. Það þarf því að huga að neytendavernd.

Að lokum

Fjárlæði hefur með þessari einföldu upptalningu stiklað á stóru atriðunum og eins og málið horfir við á þessum tímamarki eru mörg óvissu atriði sem þarf að leysa og kynna fyrir þeim aðilum sem fyrir eru á markaðinum. Í samantekt kemur fram að fjöldi aðila hafi verið kallaðir að borðinu til þess að fara yfir fyrirætlanir Seðlabankans. Þar voru nefndir bankar, ráðgjafar (Blick og Witstock) auk lögfræðings. Fjárlæði saknar þess að færsluhirðar skulu ekki hafa fengið færi á að koma með innlegg í málið enda eru núverandi færsluhirðar með yfir 15.000 kaupmenn í viðskiptum og þekkja mjög vel til þeirra þarfa sem þar eru. Að auki saknar Fjárlæði þess að fram komi í samantekt samskipti við Visa og MasterCard, ef einhver voru, sem eru mjög mikilvægir í núverandi umhverfi í innlendri greiðslumiðlun og eins lykillinn að því að erlendir korthafar geti notað kortin sín á Íslandi og eins íslenskir korthafar geti notað kortin sín í útlöndum.

Ljóst má vera að við rekstur á tveimur greiðslukerfum samtímis hjá kaupmönnum tapast ákveðin stærðarhagkvæmni sem endanum gæti leitt til hærra verðs til kaupmanna og neytenda.

Virðingarfyllt

Stofnendur og eigendur Fjárlæðis.

Bergsveinn Sampsted

Viktor Ólason

